

Fræðslunefnd

FUNDUR – 25. nóvember 2009

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar vegna grunnskóla, miðvikudaginn 25. nóvember 2009 kl. 17:15 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Auðunn Steinn Sigurðsson formaður stjórnaði fundinum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2010
2. Endurskoðun á reglum leikskólans.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Jóhanna G. Jónasdóttir fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir leikskólann. Á óskalista leikskólans eru starfsmannafundir, leikfimi barna, sund barna og starfsmannaafslátt í þreksal íþróttahúss tengt heilsuátaki starfsmanna.
2. Endurskoðun á reglum leikskólans hvað varðar uppsögn á plássi vegna vanskila. Ekki hefur verið inni reglunum ákvæði sem segir til hvernig bregðast skuli við ef til vanskila kemur. Leikskólastjóra og formanni nefndarinnar er falið að koma með tillögur að reglubreytingum með hliðsjón af þeim umræðum sem fram fóru á fundinum.
3. Önnur mál. Rædd var lágmarks mönnun til að tryggja öryggi barna og starfsmanna ef til mikilla forfalla kemur meðal starfsmanna. Neyðarúrræðið er að þurfa að hringja í foreldra og biðja þá að sækja börnin.

Fleira ekki gert.

Auðunn Steinn Sigurðsson
Rannveig Lena Gísladóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Héðinn Sigurðsson

Þórður Pálsson

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri
Anna Margrét Arnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans
Rannveig Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra leikskólans